Sjálfbær og samkeppnishæfur sjávarútvegur

Klettur leggur til og skorar á stjórnvöld að við endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða verði tryggð virkari verðmyndun á fiski og tryggt aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum. Í þeim tilgangi er lagt til að allir útgerðaraðilar verði skyldaðir til að bjóða til sölu á skipulögðum uppboðsmarkaði um 20-25% af lönduðum afla í hverri tegund með einhverjum sveigjanleika milli tegunda á hverju 3ja mánaða tímabili.

Greinargerð: Sú mikla samþjöppun sem orðið hefur í sjávarútvegi, sem og í aflaheimildum hjá smábátum, hefur orðið til þess að veiðar og vinnsla eru í auknu mæli að færast á færri hendur, er nú svo komið að skipulagðir uppboðsmarkaðir með fisk munu brátt heyra sögunni til verði ekkert að gert. Það litla framboð sem nú er að fiski á fiskmörkuðum hefur leitt til þess að verð sveiflast mjög mikið og er algerlega óútreiknanlegt, getur dagamunur á fiskverði numið tugum prósenta. Bátaútgerðir eiga orðið erfitt með að vinna í því umhverfi sem þar er að finna og hið sama gildir um fiskvinnslur sem treysta á hráefnisöflun tengda fiskmörkuðum. Eins og dæmin sanna eiga slíkar vinnslur mjög erfitt uppdráttar og hafa nokkrar lagt upp laupana á síðustu misserum, meðan mörgum öðrum er haldið gangandi með sértækum aðgerðum á kostnað heildarinnar.

Með því að auka framboð í gegnum fiskmarkaði mun dýpt þeirra aukast til muna og þeir geta aftur farið að sinna hlutverki sínu með að treysta á hráefnisöflun hjá framleiðendum og skapa á ný raunverulegt markaðsverð á fiski. Til langstíma mun slík ráðstöfun tryggja heilbrigðara samkeppnisumhverfi í útgerð og vinnslu, minnka þörf á sértækum byggðaaðgerðum og skapa aukin tækifæri í samkeppnisrekstri og stuðla að samkeppnishæfari atvinnugrein.